

Liðhlaupinn¹

Í lok september árið 1941 fékk Tilda herkvaðningu. Faðir Írínu vann þá fyrir *Rauðu stjórnuna*, ferðaðist um vígstöðvarnar og skrifaði pistla sem voru frægir um allt land. Maðurinn hennar, Valentín, var í stríðinu en frá honum komu aldrei bréf. Einhverra hluta vegna var erfiðara að skiljast við Tildu en Valentín. Írína fór sjálf með Tildu á herkvaðningarstöðina. Á ganginum voru auk Tildu átta hundar til viðbótar, en svo helteknir voru þeir af skilningsleysi á aðstæðunum að þeir tóku varla eftir hver öðrum, heldur þrýstu sér að fótum húsbænda sinna, og ung tík, skoskur setter, meig meira að segja á gólfid af hræðslu.

Tilda bar sig vel en Írína skynjaði að hún var ekki með sjálfri sér, eyrun titruðu og hún sló skottinu létt við skítugt gólfid. Út af skrifstofunni kom niðurlútur maður með þýskan fjárhund sem hafði hallandi bak.² Maðurinn hreytti út úr sér án þess að líta upp, „hafnað vegna sjóndepru,“ og teymdi hundinn út í bandi ... Þegar hundurinn gekk fram hjá Tildu staldraði hann áhugasamur við. En húsbóndinn kippti í ólina og hundurinn fylgdi honum undirgefinn eftir.

Við hlið þeirra sat gamall maður með höndina á höfði roskins fjárhunds. Þetta var stór hundur, fjórum sinnum stærri en Tilda. Írína tók Tildu á handlegginn – hún var púðluhundur af þessari millistærð, milli kjölturakka og alvöru vinnuhunds. Gamli maðurinn leit á Tildu og brosti, og Írína taldi í sig kjark til að spyrja um það sem henni lá á hjarta:

– Ég velti því stöðugt fyrir mér hvernig þeir geta haft gagn af henni – ekki getur hún dregið særðan mann af vígvellinum. Hún getur leitað að manni, já og borið læknistösku, en særðan mann ...

Gamli maðurinn horfði með hluttekningu – í þetta sinn á Írínu.

1 Rebekka Þráinsdóttir þýddi.

2 Orðalag sem haft er um byggingu hunda af þessari tegund og þykir eftirsóknarvert.

– Vina mín, þessir litlu hundar eru skriðdreka. Þeir eru þjálfaðir til að kasta sér undir skriðdreka, með íkveikjukokteil festan við kviðinn ... Hvað, vissuð þér það ekki?

Bjáni, bjáni, að hún skyldi ekki hafa áttað sig á þessu sjálf! Hún hafði einhverra hluta vegna séð Tildu fyrir sér með merki Rauða krossins á bakinu, þar sem hún hljóp trygg og hlýðin um vígvöllinn, leitaði að særðum og sótti hjálp ... En svo var það alls ekki þannig: hún yrði þjálfuð til að smjúga inn á milli skriðbeltanna og stökkva svo út, og hún myndi endurtaka þetta einfalda bragð mörgum sinnum, til þess síðan að kasta sér einu sinni undir þýskan skriðdreka og springa með honum í loft upp.

Kvaðningin lá í tösku Írínu. Hún hafði borist fjórum dögum fyrr, og Írína hafði komið með hundinn á herkvaðningarstöðina á nákvæmlega þeim tíma og þeim degi sem tiltekinn var. Á undan þeim í röðinni voru enn tvær manneskjur og tveir hundar: gamall maður með þýskan fjárhund og kona með kákasushund. Írína stóð upp og án þess að láta þögla tíkina niður gekk hún burt af ganginum.

Það tók þær fjörutíu mínútur að ganga heim, frá Begovajagötu að Gorkígötu. Írína fór upp í íbúðina sína og setti það allra nauðsynlegasta í litla ferðatösku, hugsaði sig síðan um og setti dótið í bakpoka. Hún hafði ákveðið að fremja glæp, og hann varð að fremja þannig að hann vekti sem minnsta eftirtekt, og ferðataska myndi vekja meiri athygli úti á götu en bakpoki.

Í bakpokann setti hún báða dallana hennar Tildu, fyrir vatn og mat, og teppið hennar. Tilda sat við dyrnar og beið – hún skildi að nú færu þær út.

Og þær fóru – fótgangandi, fyrst til móður Valentíns á Pokrovkagötu, í húsið þar sem Tilda kom í heiminn: Valentín hafði verið hennar fyrsti húsbóndi. Eftir nokkra daga fluttu þær sig til vinkonu Írínu, á Pistsovaja-götu. Hún fór heim á nánast hverjum degi, á Gorkígötu, opnaði póstkassann með litlum lykli, en fann aldrei það sem hún hafði komið til að sækja; bréf frá Valentín af vígvellinum. Hins vegar komu tvær herkvaðningar til viðbótar vegna Tildu. Skjálfandi af hræðslu reif Írína þær báðar í tætlur á stundinni, og þegar hún kom út úr stigaganginum henti hún þeim í nístandi gin kafaldbylsins sem hamaðist allan þennan vetur, fyrsta stríðsveturinn.

Faðir Írínu kom sjaldan til Moskvu – hann var á sífelldum þön-um um vígstöðvarnar; hann var einn af helstu annálarituum þessa stríðs, sem og fyrra stríðs og spænska stríðsins ...

Næst þegar hann kom til borgarinnar sagði Írína honum frá liðhlaupi Tildu. Hann kinkaði þegjandi kolli og heimsótti hundinn á Pistsovaja-götu. Síðastliðin ár höfðu Írína og maðurinn hennar búið í stórri íbúð föður hennar og Tilda hafði fyrir löngu áttað sig á því að sá sem æðsta húsbóndavaldið hafði var einmitt hann, sá eldri, en ekki sá fyrsti – þessi yngri.

Í fullan hálf tíma sat hann í ókunnu, fátæklegu herbergi, og við hlið hans sat Tilda og starði á hann með sínu kynngimagnaða dýrlega augnaráði.

Áður en hann fór sagði hann í gríni:

– Það þarf að gefa henni nýtt nafn: Daisy í staðinn fyrir Tilda. Tilda lyfti höfðinu þegar hún heyrði nafnið sitt. Sleikti hönd hans. Hún vissi ekki að henni hafði verið bjargað frá dauðdaga undir skriðdreka, í miðju djöfulegrar sprengingar, og að hún myndi lifa stríðið og sinn aðalhúsbónda og deyja sínum eigin dauðdaga, og að púðluhundsbein hennar myndu liggja í litlum skógi, á merktum stað við hliðina á stórum steini við háan bakka, í grennd við sumarhúsið.

En hvar Valentín bar beinin vissi ekki nokkur maður: hann hvarf eins og jörðin hefði gleypt hann – að eilífu.